

Nd.

1409. Frumvarp til laga

[503. mál]

um getraunir Öryrkjabandalags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. júní.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til þess að starfrækja getraunir er fram fara með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð bókstafa.

Heimild þessi gildir til ársloka 1990.

2. gr.

Gjald fyrir þátttöku í getraunum Öryrkjabandalagsins (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

3. gr.

Helmíngi af heildarsöluverði miða hverju sinni skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en Öryrkjabandalagi Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu.

6. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi getraunanna og efni 5. gr., að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.